

Skýrsla stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands um starfsárið 2018

Inngangur: Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands var stofnaður 16. desember 2015 af Krabbameinsfélagi Íslands og aðildarfélögum þess auk þess sem inn í sjóðinn runnu Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna og Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson. Heildarstofnfé sjóðsins var 254,6 milljónir króna.

Tilgangur: Samkvæmt stofnskrá er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum, m.a. með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífs-gæðum sjúklinga.

Stjórn: Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipa sjö einstaklingar, tilnefndir til tveggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands, og fimm til vara. Í stjórn sjóðsins árið 2018 sátu Sigríður Gunnarsdóttir formaður, Magnús Karl Magnússon, varaformaður, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Hermann Eyjólfsson, Magnús Pétursson, Sigurður B. Stefánsson og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir. Varamenn voru Anna Kristín Jónsdóttir, Ásgerður Sverrisdóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir, Salvör Nordal og Þorkell Guðjónsson.

Fundir: Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu 2018, 30. janúar, 23. apríl, 7. maí og 5. júní. Á fyrri fundunum var farið yfir skipun í sjóðsstjórn, stöðu sjóðs og fjárfestingarstefnu, á þriðja fundi var fjallað um styrkumsóknir og á fjórða fundi var endurskoðaður ársreikningur sjóðsins samþykktur. Að auki fundaði formaður og annar fulltrúi sjóðsstjórnar með framkvæmdastjóra KÍ, fjármálastjóra KÍ og formanni Vísindaráðs þann 11. september. Þar var farið yfir mönnun sjóðsstjórnar og Vísindaráðs, dagsetningar og fyrirkomulag varðandi úthlutun ársins 2019. Jónas Ragnarsson var ritari sjóðsstjórnar út júní 2018 en þá tók Birna Þórisdóttir við.

Fjármál: Ársreikningur sjóðsins, dags. af endurskoðanda 14. maí 2018, var staðfestur og undirritaður af stjórn sjóðsins á fundi 5. júní 2018. Starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands annast fjárhagslega umsýslu sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu hans.

Styrkumsóknir: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins skal stjórn sjóðsins auglýsa eftir umsóknum um styrki í byrjun febrúar ár hvert og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands. Hlutverk Vísindaráðsins er að leggja mat á gæði umsókna, færni rannsakenda o.fl. samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar. Í samræmi við þetta var í byrjun febrúar 2018 auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Alls bárust 22 umsóknir að upphæð 97,3 milljónir króna. Vísindaráð Krabbameinsfélagsins fór yfir umsóknirnar og ritaði umsögn um hverja umsókn. Stjórn Vísindasjóðsins fór í kjölfarið yfir allar umsóknir, umsagnir og tillögur Vísindaráðsins og tók ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á fundi sínum 7. maí 2018.

Úthlutun styrkja: Samkvæmt stofnskrá sjóðsins hefur sjóðsstjórn árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári auk þess sem sjóðsstjórn er heimilt að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga. Þeir fjármunir sem ekki eru nýttir til styrkveitinga eru lausir til ráðstöfunar næsta ár. Höfuðstóll laus til styrkveitinga í árslok 2017 var 94,2 milljónir króna, skv. endurskoðuðum ársreikningi. Að frádregnum styrkjum sem veittir voru árið 2017, 42,6 milljónir króna, og að viðbættu 40 milljón króna framlagi Krabbameinsfélags Íslands í árslok 2017, sem var sagt að mætti nýta strax til styrkveitinga, hafði stjórnin til ráðstöfunar 91,5 milljónir króna í maí 2018. Að fenginni umsögn Vísindaráðsins og í kjölfar mats á fyrirliggjandi umsóknum var ákveðið að styrkja þau rannsóknarverkefni sem Vísindaráð mat í hæstu gæðaflokkum, í samræmi við úthlutunarreglur

sjóðsins. Niðurstaða stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins var að úthluta 55,6 milljónum króna til þrettán rannsóknarverkefna. Um var að ræða fjölbreytt verkefni, sem falla vel að tilgangi sjóðsins. Styrkirirnir voru afhentir 17. maí 2018.

Styrkir úr Vísindasjóði Krabbameinsfélags Íslands árið 2018:

Andri Steinþór Björnsson hlaut 5.220.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Áhrif skimunar fyrir forstigi mergæxlis á andlega heilsu.*

Ásgeir Thoroddsen hlaut 1.500.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Leghálskrabbamein á Íslandi.*

Berglind Eva Benediktsdóttir hlaut 5.569.510 kr. styrk fyrir verkefnið *Sérhönnuð exósóm í baráttunni gegn þríneikvæðum brjóstakrabbameinum.*

Erla Kolbrún Svavarsdóttir hlaut 2.000.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Þróun meðferðarsamræðna við konur með krabbamein og maka og áhrif samræðna á aðlögun tengda kynlífi og nánd.*

Erna Magnúsdóttir hlaut 6.000.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Sameindaferlar að baki BLIMPI- og EZH2-miðlaðri lifun í Waldenströmsæxlum.*

Guðrún Valdimarsdóttir hlaut 6.500.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Samspil TGF-beta-boðleiðarinnar og Thrombospondin-1, áhrif á samskipti æðapels- og brjóstakrabbameinsfruma.*

Helga M. Ögmundsdóttir hlaut 3.790.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Skimun fyrir virkni nýsmíðaðra lífrænna tin- og rhodium-sambanda gegn krabbameinsfrumum og skilgreining á verkunarmáta.*

Margrét Helga Ögmundsdóttir hlaut 7.500.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Hlutverk sjálfsátsgensins ATG7 í þróun krabbameina.*

Ragnar Grímur Bjarnason hlaut 400.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Síðbúnar afleiðingar krabbameina í æsku, heilsufar, lífsgæði og upplifun á fullorðinsaldri.*

Sævar Ingbórsson hlaut 4.000.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Ummyndunaráhrif HER2-yfirtjáningar í krabbameinsframvindu.*

Valtýr Stefánsson Thors hlaut 2.520.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Miðlægir bláæðaleggir hjá börnum með illkynja sjúkdóma, fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit með fylgikvillum.*

Þorkell Guðjónsson hlaut 5.000.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Hlutverk miR-190b í þróun brjóstakrabbameins.*

Þórarinn Guðjónsson hlaut 5.560.000 kr. styrk fyrir verkefnið *Hlutverk non-coding RNAs í greinóttri formgerð og bandvefsumbreytingu þekjuvefjar í eðlilegum og illkynja brjóstkirtili.*

Lokaorð: Það er mat stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands að sjóðurinn hafi skotið styrkari stoðum undir íslenskar rannsóknir á þessu fræðasviði. Umsóknir um styrki úr sjóðnum voru í háum gæðaflokki og því má binda vonir við að niðurstöður þeirra skili árangri í baráttunni gegn krabbameinum, með einum eða öðrum hætti. Í lokin er þökkun veitt aðstoð Krabbameinsfélags Íslands við starfsemi sjóðsins á starfsárinu 2018. Jafnframt er komið á framfæri þökkum til Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands, sem skipað er nú öflugum vísindamönnum, og var árið 2018 undir forystu Þórunnar Rafnar, en ráðið hefur lagt á sig mikla vinnu við umfjöllun og mat á umsóknum.

Reykjavík, 29. maí 2019

Sigríður Gunnarsdóttir,
formaður stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands.